



Alþingi
Erindi nr. P 138/806
komudagur 17.12.2009

Landsvirkjun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10

Reykjavík, 16.12.2009
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðis þess ofan Mjóadalsár, þskj. 44 - 44. mál**

Að beiðni Umhverfisnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar við tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðis þess ofan Mjóadalsár, þskj. 44 - 44. mál, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.

Af ofangreindu tilefni bendir Landsvirkjun á eftirfarandi:

- Í skýrslu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma frá nóvember 2003 eru virkjanir í Skjálfandafljóti flokkaðar samkvæmt sérstakri aðferðfræði, þar sem mat er lagt á umhverfisáhrif, heildarhagnað og arðsemi. Virkjun Skjálfandafljóts með Hrafnabjargarvirkjun a er metin hafa umhverfisvísitöluna b, þar sem a er lægsti flokkur og e sá hæsti.
- Um þessar mundir er unnið að öðrum áfanga rammaáætlunar þar sem markmiðið er að ná sátt um vernd og nýtingu með því að leggja mat á virkjunarkosti, jafnt vatnsafl og háhita, og áhrifa þeirra á náttúru- og menningaminjar, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis.
- Verkefnisstjórn rammaáætlunar er ætlað að ljúka störfum í byrjun árs 2010 og skila skýrslu til iðnaðar- og umhverfissráðherra með heildarmati og flokkun á þeim virkjunarkostum sem teknir voru fyrir í 1. og 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Niðurstöðurnar verða væntanlega lagðar fyrir Alþingi og fá þær með því formlega stöðu.
- Það er skoðun Landsvirkjunar að eðlilegt sé að biða með afgreiðslu þingsályktunartillögunnar þar til sér fyrir endann á meðferð rammaáætlunar.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri